



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 18. maí 2020, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættar: Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Ólafía Sigurvinsdóttir og Agnieszka A. M. Kowalczyk í
forföllum Vilbergs Þráinssonar. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri, Jóhanna
Einarsdóttir tómstundafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 8. apríl 2020.

Formaður fór yfir fundargerðina.

2. Skóladagatal og kennslumagn 2020-2021.

*Lagt var fram skóladagatal fyrir leikskóladeild og grunnskóladeild. Nefndin fór yfir skjölin og leggur
til við sveitarstjórn að þau verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

*Gert er ráð fyrir að 35 nemendur stundi nám við grunnskóladeild skólaárið 2020-2021. Skólastjóri
lagði til að kennslumagn deildarinnar skólaárið 2020-2021 verði 132 tímar. Nefndin leggur til að
umbeðið kennslumagn verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

Önnur mál (ef einhver):

1. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna frístundar, félagsmiðstöðvar, leik- og grunnskóla Reykhólahrepps og barnaverndarnefndar.

*Verklagsreglur lagðar fram og nefndin fór yfir þær. Nefndin lýsir ánægju sinni með vinnuna sem
hefur farið fram.*

2. Þjónustugjald fyrir bókasafnið.

Skólastjóri lagði fram tillögu varðandi bókasafnið.

*Nefndin leggur til að í kjölfar "Tími til lesa" átaksins, til þess að efla enn frekar lestur í
sveitarfélaginu leggur nefndin til við sveitarstjórn að aðgangur að bókasafninu verði frír.
Samþykkt samhljóða.*

3. Skýrsla tómstundafulltrúa .

*Tómstundafulltrúi fór yfir síðustu vikur í tómstundastarfi og starfið framundan. Búið er að tryggja
starfsfólk fyrir næsta ár.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:25